

Fimmtudaginn 29. nóvember 1990.

Nr. 390/1988. **Jens Óskarsson,**
Ingólfur Hannesson og
Skarphéðinn Óskarsson
 (Hilmar Ingimundarson hrl.)
 gegn
Ásmundi Karlssyni
 (Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.).

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Réttarfar. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. desember 1988. Áfrýjandinn Jens Óskarsson krefst þess aðallega, að héraðsdómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara krefst hann sýknu að svo stöddu af öllum kröfum stefnda. Áfrýjendurnir Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskars-son krefjast sýknu af öllum kröfum stefnda. Fari svo, að kröfur áfrýjenda um frávísun eða sýknu verði ekki teknar til greina, krefjast þeir þess, að vextir verði dæmdir í samræmi við vaxtaákvörðun Seðlabanka Íslands hverju sinni af sambærilegum skuldakröfum. Loks krefjast áfrýjendur hver fyrir sig málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó með þeirri breytingu, að dæmd fjárhæð beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 eftir dómsuppsögudag í héraði 20. september 1988. Þá krefst stefndi málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjenda in solidum.

I.

Aðalkrafa áfrýjandans Jens er reist á því fyrir Hæstarétti, að málið sé svo vanreifað af hálfu stefnda, að vísa beri því frá héraðsdómi. Í stefnu sé engin grein gerð fyrir sjálfskuldarábyrgðarmönnum eða þeim lögskiptum, sem lágu að baki skuldabréfinu, sem málið fjallar um.

Mál þetta er höfðað sem skuldabréfamál samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði og nægilega reifað samkvæmt því. Verður því ekki fallist á frávísunarkröfu áfrýjandans Jens.

Varakrafa áfrýjandans Jens um sýknu að svo stöddu er byggð á því, að skuldabréfið hafi verið gefið út til efnda á kaupum á mb. Brá, SH 58. Stefndi hafi ekki boðið fram afsal fyrir bátnum jafnhliða innheimtu skuldarinnar.

Þar sem mál þetta er rekið sem skuldabréfamál, komast þessar varnir ekki að, og verður ekki fallist á þessa kröfu áfrýjandans Jens.

II.

Í hinum áfrýjaða dómi er því lýst, hvernig háttað er ritun nafna áfrýjendanna Ingólfs Hannessonar og Skarphéðins Óskarssonar á skuldabréf það, sem fjallað er um í málinu. Í greinargerð þeirra í héraði var því mótmælt, að þeir hefðu tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingu áfrýjandans Jens. Samkvæmt því varð ekki talið, að þeir Ingólfur og Skarphéðinn hefðu viðurkennt sjálfskuldarábyrgð sína við það, að þingsókn féll niður af þeirra hálfu í héraði, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85,1936.

Í sóknargögnum í héraði er því ekki lýst, hver atvik voru að gerð skuldabréfsins og ritun nafna þeirra Ingólfs og Skarphéðins á skjalið.

Samkvæmt þessu þykir verða að telja ósannað, eins og málið lá fyrir héraðsdómara, að áfrýjendurnir Ingólfur og Skarphéðinn hafi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingu áfrýjandans Jens. Verða þeir því sýknaðir af kröfum stefnda.

III.

Niðurstaða héraðsdóms er því staðfest, að því er varðar áfrýjandann Jens Óskarsson, að öðru leyti en því, að vextir dæmast eins og í dómsorði segir.

Rétt þykir, að áfrýjandinn Jens Óskarsson greiði stefnda málskostnað eins og í dómsorði segir. Annar málskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Áfrýjendurnir Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson skulu vera sýknir af kröfum stefnda, Ásmundar Karlssonar.

Málskostnaður þeirra í milli í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Áfrýjandinn Jens Óskarsson greiði stefnda, Ásmundi Karlsyni, 389.074 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. september 1987 til 1. október s.á., en með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1988, en dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 160.000 krónur.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

hæstaréttardómaranna Guðrúnar Erlendsdóttur og Hjartar Torfasonar.

Við erum samþykkt afgreiðslu meiri hluta dómsins á kröfum áfrýjandans Jens. Þá erum við einnig samþykkt því, að ekki verði talið, að áfrýjendurnir Ingólfur og Skarphéðinn hafi viðurkennt sjálfskuldarábyrgð sína við það, að þingsókn féll niður af þeirra hálfu í héraði.

Sýknukrafa áfrýjendanna Ingólfs og Skarphéðins er reist á aðildarskorti. Þeir kveðast aldrei hafa tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á skuld áfrýjandans Jens samkvæmt skuldabréfinu, sem um er deilt, og sé þeim því ranglega stefnt í málinu sem skuldurum.

Skuldabréf það, sem hér um ræðir, er á stöðluðu skuldabréfaformi frá Samvinnubanka Íslands hf. Í héraðsdómi er því lýst, að þeir Ingólfur og Skarphéðinn hafi skrifað nöfn sín á skuldabréfið undir eftirgreindan texta, sem er í meginmáli bréfsins: „Eftirtaldir aðilar takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld þessari, svo og vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og öllum öðrum kostnaði sem af vanskilum kann að leiða.“ Þeir hafi aftur á móti ekki undirritað eftirgreindan texta, sem er neðanmáls á skuldabréfinu: „Samþykkir ofanskráðu sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar.“

Því er ómótmælt, að áfrýjendurnir Ingólfur og Skarphéðinn hafi eigin hendi skrifað nöfn sín á skuldabréfið. Þótt þeir hafi skrifað nöfnin á annan stað á bréfinu en til var ætlast, þykir ekki varhugavert að líta svo á, að þeir hafi gert þetta í því skyni að taka á sig ábyrgð samkvæmt skuldabréfinu.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að staðfesta beri niðurstöðu hins áfrýjaða dóms og dæma alla áfrýjendur til að greiða stefnda skuldina in solidum. Með þessari breytingu erum við samþykkt dóms-orði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. september 1988.

Mál þetta, sem dómtekið var 7. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþinginu af Ásmundi Karlssyni, Írabakka 20, Reykjavík, nnr. 0739-7275, á hendur Jens Óskarssyni, Lágholti 11, Stykkishólmi, nnr. 4919-6962, Ingólfi Hannessyni, Skólastíg 8, Stykkishólmi, 4725-1982, og Skarphéðni Óskarssyni, Höfðagötu 9, Stykkishólmi, nnr. 8160-3588, til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð kr. 465.449, með 42% ársvöxtum frá 1.9. 1987 til 1.10. 1987 og með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ auk 10% söluskatts af þóknun lögmanns samkvæmt lögum nr. 68/1987.

Af hálfu stefndu var lögð fram greinargerð og þar krafist af hálfu stefnda Jens Óskarssonar aðallega, að málinu yrði vísað frá dómi og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað, en næði frávisunarkrafan ekki fram, var krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda að svo stöddu og málskostnaðar úr hans hendi, en til vara verulegrar lækkunar á stefnukröfum auk málskostnaðar.

Stefndu Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson kröfðust sýknu og greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda. Þeir lýstu sig samþykka því, að mál þetta væri rekið á bæjarþingi Reykjavíkur.

Hinn 7. september sl. féll niður þingsókn af hálfu stefndu.

Stefnandi kveður skuld þessa vera samkvæmt skuldabréfi til handhafa, útgefnu 1. september 1986 af stefnda Jens, með sjálfskuldarábyrgð tveggja manna, þeirra stefndu Ingólfs Hannessonar og Skarphéðins Óskarssonar. Bréfið sé að höfuðstól kr. 365.000 með grunnvísitölu 1486 og 5% ársvöxtum, sem skuldareiganda sé heimilt að hækka eða lækka á útlánstímanum til samræmis við þá vexti, sem gilda um ný og sambærileg lán hjá Samvinnubanka Íslands hf. Skuldina hafi átt að endurgreiða með fimm afborgunum á sex mánaða fresti á næstu 36 mánuðum frá útgáfu bréfsins, í fyrsta sinn þ. 1.9. 1987. Bréfið hafi verið í innheimtu hjá Samvinnubanka Íslands hf., og sé skuldin með vöxtum og vísitölu kr. 465.449 pr. 1.9. 1987, eins og útreikningur bankans sýni miðað við vísitölu septembarmánaðar 1778 stig og ársvexti 6,4861% að meðaltali. Afborgun pr. 1.9. 1987 sé kr. 73.000, verðbætur á afborgun kr. 14.344,50, vextir kr. 28.326,30, kostnaður kr. 400, eftirstöðvar láns kr. 349.378,20, allt samanlagt kr. 465.449. Því sé stefnt fyrir þeirri fjárhæð. Stefnandi sé handhafi bréfsins. Þar sem stefndi

hafi ekki greitt af bréfinu hinn 1.9. 1987, sé nú öll skuldin í gjalddaga fallin samkvæmt ákvæðum bréfsins, sbr. og bréf lögmanns stefnanda, dags. 9. október 1987. Vegna þessa hafi stefnanda verið nauðugur einn kostur að leita til dómstólanna með málið.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar aðallega á skuldabréfi með sjálf-skuldarábyrgð, útgefnu í Stykkishólmi 1. september 1986 af stefnda Jens Óskarssyni, með ábyrgð stefndu Ingólfs Hannessonar og Skarphéðins Óskarssonar og á ljósriti af útreikningi Samvinnubankans á greiðslufjárhæð.

Til stuðnings kröfu sinni vísar stefnandi til ákvæða XVII. kafla laga nr. 85/1936.

Í greinargerð stefndu er af þeirra hálfu mótmælt, að heimilt sé að reka mál þetta samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936, þar sem dóm-skjal nr. 3, sem af hálfu stefnanda er lagt fram sem skuldabréf, uppfylli ekki ákvæði laga um að vera skoðað sem skuldabréf. Fyrir það fyrsta sé skuldabréfið ekki undirritað í viðurvist votta. Þá brjóti það í bága við ákvæði laga nr. 13/1979 um verðtryggingu að gefa út skuldaviðurkenningu til handhafa í viðskiptum, þar sem ætlun sé, að viðskiptaskuld sé verðtryggð. Með hliðsjón af þessu beri því að reka málið á varnarþingi útgefanda bréfsins og annarra skuldara, þ.e. í Stykkishólmi, en ekki á bæjarþingi Reykjavíkur, og beri því að vísa þessu máli frá dómi með vísan til 73. gr. laga nr. 85/1936 svo og vegna vanreifunar með vísan til IX. kafla sömu laga.

Þá taki stefndi Jens fram, að skuldabréf þetta sé ekki gefið út 1. september, eins og undir útgáfu þess standi, heldur í mars 1987. Bréfið hafi verið gefið út sem liður í kaupum stefnda Jens á eignarhluta stefnanda í mb. Brá, SH 58. Samningsskyldur aðila séu gagnkvæmar; þannig eigi stefnandi eftir að gefa út afsal fyrir eignarhluta sínum í ofangreindum báti. Þá hafi báturinn verið haldinn (sic) alvarlegum leyndum göllum, svo að stefndi eigi rétt á afslætti á kaupverði og/eða skaðabótum. Fram hjá þessum staðreyndum verði ekki litið við úrlausn deilumáls aðila, og beri því að vísa málinu frá vegna vanreifunar.

Stefndu Ingólfur og Skarphéðinn byggja báðir sýknukröfu sína á aðildarskorti. Þeir hafi hvorugur tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldbindingum meðstefnda, Jens, með undirritun undir skuldabréfið. Skuldabréfaformið feli í sér áskilnað um sjálfstæða undirritun sjálfskuldarábyrgðar aðila, sbr. dskj. nr. 3.

Þar sem þingsókn féll niður í máli þessu af hálfu stefndu, er það skriflega flutt, sbr. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936, og skal það dæmt eftir fram komnum kröfum, skilríkjum og sókn sækjanda og með tilliti til þess, sem fram kann að hafa komið af hálfu verjanda.

Stefnandi hefur lagt fram skjal það, sem hann byggir kröfur sínar á, og er það í samræmi við málavaxtalýsingu hans. Telst það vera skuldabréf, enda er slíkt skjal almennt ekki háð formskilyrðum, svo sem varðandi votta. Samkvæmt skjalinu hefur útgefandi, stefndi Jens Óskarsson, samið um, að reka mætti mál út af því fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Skuldabréfið er handhafabréf, og er skilyrði 1. tl. 1. mgr. 39. gr. laga nr. 13/1979 þannig ekki fullnægt, og var óheimilt að binda það lánskjaravísitölu. Aðrar fullyrðingar, sem fram hafa komið af hálfu stefnda Jens, þykja ósannaðar.

Telja verður, að stefndu Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson hafi skrifað nöfn sín á skuldabréfið undir eftirgreindan texta: „Eftirtaldir aðilar takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld þessari, svo og vöxtum, verðbótum, dráttarvöxtum og öllum öðrum kostnaði sem af vanskilum kann að leiða.“ Verður að telja, að þeir hafi þar með tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni, og þykja þeir hafa viðurkennt þetta með því að fella niður þingsókn. Þykir í þessu sambandi ekki skipta máli, þótt þeir hafi ekki einnig undirritað eftirgreindan texta: „Samþykkir ofanskráðu sem sjálfskuldarábyrgðaraðilar.“

Af hálfu stefnda Jens var krafist frávísunar, en þingsókn féll niður af hálfu stefndu, er taka skyldi málið fyrir til flutnings frávísunarkröfu. Kemur hún því ekki frekar til álita, og engir formgallar þykja vera á málinu, er varði frávísun ex officio.

Með vísan til þess, sem að ofan er rakið, eru kröfur stefnanda teknar til greina að öðru leyti en því, að verðbætur verða ekki dæmdar. Skulu stefndu greiða stefnanda in solidum höfuðstól, kr. 365.000, vexti kr. 23.674 og kostnað kr. 400, samtals kr. 389.074, auk vanskilavaxta, svo sem krafist er, og málskostnað kr. 58.000, og hefur þá verið tekið tillit til söluskatts.

Dóminn kvað upp Hjördís Hákonardóttir borgardómari.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Jens Óskarsson, Ingólfur Hannesson og Skarphéðinn Óskarsson, greiði in solidum stefnanda, Ásmundi Karlssyni, kr. 389.074 með 42% ársvöxtum frá 1. september 1987 til 1. október s.á., en með 43,2% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 58.000 í málskostnað, allt að viðlagðri aðför að lögum.